

Hafnarfjarðarbær
Skipulags- og byggingasvið Hafnarfjarðar
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður.

PS/ps 00.80 Garðabær 15.3.2013

Heilbrigðiseftirlitið hefur mótttekið erindi Skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar frá 14. mars þar sem óskað er umsagnar um mál er varðar fullnaðar frágang húss að Norðurhelli 10 í Hafnarfirði.

Umsögn.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mælir með því að fallist verði á erindi húseiganda að girða af hluta bílastæða með lokaðri girðingu sem slökkvilið hafi greiðan aðgang að. Eftirlitið leggst ekki gegn samþykkt millilofti í vinnslusal.

Skýring.

Fyrirtækið MF Mjöll-Frigg ehf. er til húsa að Norðurhelli 10 í Hafnarfirði. Þar er rekin hreinlætisvöruverksmiðja með átöppun og þökkun efnavara. Starfsemi þess er starfsleyfiskyld og fellur undir eftirlit heilbrigðiseftirlits. Þar er unnið með ýmiss konar efni og eru sum þeirra þess eðlis að óæskilegt er af öryggisástæðum að hafa þau nærri sumum öðrum eignum.

Forsvarsmenn fyrirtækisins og hönnuðir og ráðgjafar hafa í samráði við fulltrúa slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits unnið að endurskipulagningu á geymslu efna og vinnuferlum til að draga úr allri áhættu frá starfsemi. Ljóst er að annað hvort þarf að flytja starfsemina að öllu eða að hluta annað eða færa hluta efnalagers úr húsi, en þá í örugga geymslu innan afgirts svæðis sem slökkvilið ætti þó greiðan aðgang að. Umsókn húseiganda er fram komin í framhaldi af þeirri umræðu.

Væntanlegt starfsleyfi fyrirtækisins fer í s.n. „ítarlega starfsleyfisgerð“ er þýðir að áformað leyfi verður auglýst og opið til athugasemda. Beðið hefur verið um skeið með að setja starfsleyfismál fyrirtækisins í feril þar til ljóst væri hvaða umfang reksturinn gæti haft miðað við niðurstöður endurskipulagningar og aðstöðu í starfsstöðinni.

Eftirlitið leggur ekki mat á hvernig áformað er að ganga frá girðingu eða á væntanlegt útlit en leggur áherslu á að hún sé traust. Eftirlitið getur staðfest að vörusala til einstaklinga fer ekki fram í húsnæðinu.

F.h. heilbrigðiseftirlits



Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi

